

# 299. fundur Skólanefndar FS

## 8. desember 2009



**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Hjálmar Árnason, áheyrnarfulltrúarnir Ægir Karl Ægisson, Bjarki Rúnarsson og María Magnúsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Drög að skólasamningi.
  2. Útskrift.
  3. Næsta önn.
  4. Önnur mál.

### 1. Drög að skólasamningi.

Skólameistari kynnti drög að skólasamningi sem verið er að vinna í samvinnu við menntamálaráðuneyti. Reiknað er með að skrifað verði undir samninginn um miðjan febrúar. Í skólasamningnum koma fram helstu áherslur skólans næstu þrjú ár, þ.á.m. innleiðing nýrra námsbrauta.

### 2. Útskrift.

Útskrift haustannar verður á sal skólans laugardaginn 19. desember kl. 14:00. Alls eru 54 nemendur skráðir til útskriftar.


### 3. Næsta önn.

Skólameistari sagði frá stöðunni fyrir næstu önn. Fjárhagur skólans er heldur betri en útlit var fyrir í vor enda hefur verið sparað á öllum sviðum á þessari önn. Búið er að bjóða 939 skólavist á vorönninni en enn er verið að fara í gegnum umsóknir. Reiknað er með að nemendur verði um 1000 í dagskóla. Einnig er verið að skoða sérúrræði fyrir atvinnulaus ungmenni.

### 4. Önnur mál.

Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari